

SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2015, 21. janúar, var haldinn 72. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi á Höfðatorgi í Reykjavík og hófst kl. 11:05. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Eva Einarsdóttir (Æ), Jóna Björg Sætran (B), Kjartan Magnússon (D), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D) og Sabine Leskopf (S). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Arnaldur Sigurðarson (P); Andrea Sigurjónsdóttir, starfsfólk í leikskólum; Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjórnar frístundamiðstöðva; Bryndís Jónsdóttir, foreldrar barna í grunnskólum; Guðrún Gunnarsdóttir, skólastjórnar í leikskólum; Rósa Ingvarsdóttir, kennarar í grunnskólum; Sara Þöll Finnbogadóttir, Reykjavíkurráð ungmenna og Örn Halldórsson, skólastjórnar í grunnskólum. Jafnframt sátu fundinn Valgerður Janusdóttir staðgengill sviðsstjóra, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Auður Árný Stefánsdóttir, Hildur Björk Svavarsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Kristján Gunnarsson, og Soffía Pálsdóttir. Fundarritari var Guðrún Sigtryggsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar. Gerður G. Óskarsdóttir og Anna Kristín Sigurðardóttir, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands kynna og svara fyrirspurnum.
Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar Framtíðar, Samfylkingar, Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og áheyrnarfulltrúa Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráð þakkar Gerði G. Óskarsdóttur og Önnu Kristínu Sigurðardóttur fyrir kynningu á viðamikilli rannsókn á starfsháttum í grunnskólum við upphaf 21. aldarinnar. Rannsóknin er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og tekur hún m.a. til námsumhverfis, náms nemenda, hlutverks kennara, skipulags innan skóla og viðhorfa þeirra sem hagsmuna eiga að gæta í skólastarfi. Gefur hún góða yfirsýn yfir núverandi starfshætti í íslenskum grunnskólum. Niðurstöður rannsóknarinnar eiga eftir að nýtast reykvískum skólum vel í frekara þróunarstarfi þeirra og stjórnvöldum til stefnumótunar og stuðnings við hvers kyns þróun í skólastarfi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn og flugvallarvinir fagna útkomu skýrslunnar “Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldarinnar”. Lestur skýrslunnar leiðir af sér margvíslegar hugleiðingar, aukna sýn á það sem vel hefur tekist til og leiðir samhliða af sér spurningar og vangaveltur um það sem betur mætti fara. Er það von okkar að þessi faglega unna, þverfaglega og umfangsmikla skýrsla verði eitt af þeim verkfærum sem skóla og frístundasvið ásamt öðrum fagaðilum leggi til sem grunn við að skoða hvernig má styrkja skólasamfélagið í grunnskólum Reykjavíkur til að innleiða með öruggum hætti þá hluta nýrrar aðalnámskrár sem telja má verða til hagsbóta og jákvæðrar eflingar fyrir grunnskólanemendur.

2. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. janúar 2015, um úthlutun almennra styrkja skóla- og frístundaráðs 2015 og yfirlit um styrkumsóknir almennra styrkja skóla- og frístundaráðs 2015. Einnig lagðar fram reglur um úthlutun almennra styrkja skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur. SFS2014080175
Tillaga úthlutunarnefndar um almenna styrki skóla- og frístundaráðs um að eftirtaldir aðilar hljóti styrki ráðsins 2015:
 - 1) Umsækjandi: Rithöfundasamband Íslands. Heiti verkefnis: Skáld í skólum. Kr. 500.000.
 - 2) Umsækjandi: Sólveig Guðmundsdóttir. Heiti verkefnis: Kynfræðsla pörupilta. Kr. 300.000.

- 3) Umsækjandi: Félag litháa á Íslandi. Heiti verkefnis: Mæðra og feðradagur haldinn hátíðlegur við skólaslit litháíska málaskólans. Kr. 200.000.
- 4) Umsækjandi: Arnaldur Gylfason. Heiti verkefnis: Hjólanámskeið. Kr. 300.000.
- 5) Umsækjandi: Marion Bronchet. Heiti verkefnis: Segðu mér sögu. Kr. 600.000.
- 6) Umsækjandi: Berent Karl Hafsteinsson. Heiti verkefnis: Umferðarforvarnir. Kr. 375.000.
- 7) Umsækjandi: Foreldrafélag Vogaskóla. Heiti verkefnis: STEFNUMót Vogaskóla. Kr. 100.000.
- 8) Umsækjandi: Hugarafli. Heiti verkefnis: Geðfræðsla Hugarafli. Kr. 150.000
- 9) Umsækjandi: HIV – Ísland. Heiti verkefnis: Forvarnar- og forvarnarverkefni grunnskóla. Kr. 150.000.
- 10) Umsækjandi: Spilavinir. Heiti verkefnis: Spilabekkjarkvöld fyrir bekki með hátt hlutfall innflytjenda. Kr. 100.000.

Samþykkt.

3. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 14. janúar 2015, um úthlutun þróunarstyrkja skóla- og frístundaráðs 2015 og yfirlit um styrkumsóknir úr þróunarsjóði skóla- og frístundaráðs 2015. Einnig lagðar fram reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur til þróunarverkefna á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. SFS2014080179
Tillaga úthlutunarnefndar um þróunarstyrki skóla- og frístundaráðs um að eftirtaldir aðilar hljóti styrki ráðsins árið 2015:

- 1) Umsækjandi: Félagsmiðstöðin 100og1/Kampur. Heiti verkefnis: Vináttuþjálfun í 10-12 ára starfi 100og1. Kr. 180.000.
- 2) Umsækjandi: Frístundaheimilið Eldflaugin/Kampur. Heiti verkefnis: Ævintýraspilið. Kr. 300.000.
- 3) Umsækjandi: Frístundaheimilið Eldflaugin/Kampur. Heiti verkefnis: Tveir heimar-eitt heimili. Kr. 300.000.
- 4) Umsækjandi: Frístundaheimilið Frostheimar/Frostaskjól. Heiti verkefnis: „Bergþóra, Tinni, Viggó viðutan og Dína“ – Teiknimyndasögur og læsi í Frostheimum. Kr. 200.000.
- 5) Umsækjandi: Frístundaheimilið Gula Hlíð/Kringlumýri. Heiti verkefnis: Taekwondo, leiklist og tónlist fyrir börn í Guluhlíð. Kr. 600.000.
- 6) Umsækjandi: Frístundaheimilið Skýjaborgir/Frostaskjól. Heiti verkefnis: Efling ímyndunarafli-Ævintýraspil. Kr. 225.000.
- 7) Umsækjandi: Frístundamiðstöðin Frostaskjól. Heiti verkefnis: Frostamín, sértækt hópastarf fyrir félagslega einangruð börn 10-12 ára. Kr. 350.000.
- 8) Umsækjandi: Frístundamiðstöðin Gufunesbær. Heiti verkefnis: Félagsmiðstöð fyrir alla. Kr. 300.000.
- 9) Umsækjandi: Frístundamiðstöðin Kampur. Heiti verkefnis: Frístundabruin. Kr. 316.000
- 10) Umsækjandi: Frístundamiðstöðin Kampur. Heiti verkefnis: Rokkhundabúðir. Kr. 250.000
- 11) Umsækjandi: Frístundamiðstöðin Kampur. Heiti verkefnis: Jafnréttisfræðarar. Kr. 150.000.
- 12) Umsækjandi: Frístundamiðstöðin Kampur. Heiti verkefnis: Evaluation of frístundaheimili in Kampur center in terms of multiculturalism. Kr. 300.000
- 13) Umsækjandi: Frístundamiðstöðin Miðberg. Heiti verkefnis: Leiksyning, tækifæri fyrir alla. Kr. 500.000.
- 14) Umsækjandi: Fellaskóli. Heiti verkefnis: Farsæl nemendaviðtöl. Kr. 650.000
- 15) Umsækjandi: Hagaskóli. Heiti verkefnis: Læsi-lestur, æfing, skilningur, iðni. Kr. 500.000.
- 16) Umsækjandi: Hólabrekkuskóli. Heiti verkefnis: Á eigin forsendum. Kr. 1.000.000.

- 17) Umsækjandi: Hólabrekkuskóli/Þjónustumiðstöð Breiðholts/Fjölbrautarskólinn í Breiðholti. Heiti verkefnis: Þekking, hæfni, færni-fjölbreyttar námsleiðir fyrir nemendur í grunnskóla. Kr. 1.000.000.
- 18) Umsækjandi: Kelduskóli. Heiti verkefnis: Söngleikja 7an. Kr. 500.000.
- 19) Umsækjandi: Kelduskóli. Heiti verkefnis: Innleiðing á Raspberry Pi. Kr. 500.000.
- 20) Umsækjandi: Kelduskóli/Vættaskóli. Heiti verkefnis: Samstarf í hverfi 4. Kr. 600.000.
- 21) Umsækjandi: Drafnarborg/Foreldrafélag Drafnarsteins. Heiti verkefnis: Vinafjölskyldur í leikskóla. Kr. 1.000.000.
- 22) Umsækjandi: Leikskólarnir Bjartahlíð, Hálsaskógur, Langholt og Laugasól. Heiti verkefnis: Skína smástjörnur. Kr. 800.000.
- 23) Umsækjandi: Leikskólinn Hagaborg. Heiti verkefnis: Leikur að læra, hljóð og stafi í Hagaborg. Kr. 150.000.
- 24) Umsækjandi: Leikskólinn Sunnufold. Heiti verkefnis: Spjaldtölvur í Sunnufold. Kr. 500.000.
- 25) Umsækjandi: Leikskólinn Ösp. Heiti verkefnis: Að „upplýsa“ Aspar börn um mál og heiminn. Upplýsingatækniöflun í Ösp. Kr. 1.000.000.
- 26) Umsækjandi: Austurbæjarskóli og Frístundaheimilið Draumaland. Heiti verkefnis: Frístundalestur. Kr. 500.000.
- 27) Umsækjandi: Árbæjarskóli og Ársel. Heiti verkefnis: Hönd í hönd. Kr. 750.000.
- 28) Umsækjandi: Frístundaheimilið Hvergiland, Vættaskóli, Félagsmiðstöðin Dregyn og frístundaheimilið Brosbær. Heiti verkefnis: Starfsnám unglunga á frístundaheimilum. Kr. 354.000.
- 29) Umsækjandi: Grandaskóli, Gullborg og Ægisborg. Heiti verkefnis: Læsi í leiðinni. Kr. 1.600.000.
- 30) Umsækjandi: Kvistaborg, Furuskógur, Fossvogsskóli og Neðstaland. Heiti verkefnis: Fuglarnir í Fossvogi. Kr. 1.000.000.
- 31) Umsækjandi: Myndver, Laugalækjarskóli og Miðberg. Heiti verkefnis: Kvikuhólf. Kr. 650.000.
- 32) Umsækjandi: Nóaborg, Háteigsskóli og frístundaheimilið Halastjarnan. Heiti verkefnis: Læsi í leik. Kr. 1.000.000.
- 33) Umsækjandi: Ösp, Holt, Fellaskóli, Menntavísindasvið og Þjónustumiðstöð Breiðholts. Heiti verkefnis: Okkar mál – samstarf um menningu, mál og læsi í Fellahverfi. Kr. 1.000.000.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í skóla og frístundaráði telur brýnt að úthlutunarnefndir sviða borgarinnar sem úthluta jafnt almennum styrkjum og þróunarstyrkjum deili upplýsingum sín á milli um áætlaða styrki til einstakra umsækjenda áður en til úthlutunar kemur. Þetta sé gert til að sviðin séu betur upplýst um áætlaða heildarstyrki einstakra umsækjenda. Ennfremur er lagt til að samræmdar reglur gildi um hvaða lágmarksupplýsingar skuli liggja til grundvallar til að umsókn teljist gild umsókn og hvaða ágallar geri umsókn óstyrkhæfa.

4. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 14. janúar 2014, varðandi tillögu að skóladagatali grunnskóla skólaársins 2015-2016 auk skóladagatals fyrir skólaárið. Þar er gert ráð fyrir að skólastarf hefjist 24. ágúst 2015 og að skólar taki vetrarleyfi 23., 26. og 27. október 2015 og 25. og 26. febrúar 2016. Dagsetningar samræmdra könnunarprófa í 4., 7., og 10. bekk haustið 2015 verða í 10. bekk, íslenska 21. september, enska 22. september og stærðfræði 23. september 2015. Í 4. og 7. bekk, íslenska 24. september og stærðfræði 25. september 2015. Lagt er til að umhverfis dagar verði 16. september 2015 og 25. apríl 2016. Skólaslit verði 8. júní 2016. SFS2015010058. Samþykkt.

5. Ráðning leikskólastjóra við leikskólann Garðaborg. SFS2015010043

Lögð fram:

- a) Greinargerð sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. janúar 2015, vegna ráðningar í stöðu leikskólastjóra í Garðaborg, trúnaðarskjal.
- b) Yfirlit yfir umsækjendur um stöðu leikskólastjóra í Garðaborg.
- c) Auglýsing um stöðu leikskólastjóra við leikskólann Garðaborg.

Níu umsóknir bárust um stöðuna.

Frestað.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins gera athugasemd við að erindi frá foreldrum og starfsfólki Garðaborgar varðandi umrædda ráðningu, skuli ekki hafa verið kynnt fyrir fulltrúum í skóla- og frístundaráði. Þó er skýrt að skóla- og frístundaráð fer með ráðningarvaldið og ber endanlega ábyrgð á ráðningunni. Við óskum eftir því að fá umrædd gögn í hendur og að sá háttur verði hafður á í sambærilegum tilvikum í framtíðinni.

6. Niðurstöður úr PISA rannsóknunum og viðbrögð við þeim. Almar M. Halldórsson, sérfræðingur hjá Námsmatsstofnun kynnir og svarar fyrirspurnum.

- Kl. 13.10 vikur Hildur Björk Svavarsdóttir af fundi.

7. Lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um skólavist nemenda í 8. til 10. bekk sem koma úr Háaleitisskóla/Hvassaleiti, dags. 19. janúar 2015. Jafnframt lagt fram bréf Rúnu Malmquist með ósk um forgang barna úr Háaleitisskóla/Hvassaleiti í Réttarholtsskóla, dags. 7. janúar 2015 og bréf Auður Arnardóttur, Höllu Eiríksdóttur og Sigurlaugar Jónsdóttur, nemenda í Háaleitisskóla/Hvassaleiti með ósk um að stunda nám í Réttarholtsskóla, dags. 19. janúar 2015.

Auður Arnardóttir, Halla Eiríksdóttir og Sigurlaug Jónsdóttir, nemendur í Háaleitisskóla/Hvassaleiti, Hanna Guðbjörg Birgisdóttir, skólastjóri Háaleitisskóla, Hilmar Hilmarsson, skólastjóri Réttarholtsskóla, Bergþóra Njála Guðmundsdóttir, Rúna Malmquist, Valborg Helgadóttir og Valgerður Solveig Pálsdóttir, foreldrar barna í Háaleitisskóla, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- kl. 13:28 viku Auður Arnardóttir, Halla Eiríksdóttir, Sigurlaug Jónsdóttir og Valborg Helgadóttir af fundi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar Framtíðar, Samfylkingar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að óska eftir umsögn skólaráða og stjórna foreldrafélaga Háaleitisskóla og Réttarholtsskóla um málefni nemenda í 8. – 10. bekk Háaleitisskóla/Hvassaleiti hvað varðar forgang að Réttarholtsskóla. Jafnframt verði óskað eftir umsögn þessara sömu aðila um tillögu Sjálfstæðisflokksins um framlenging forgangs ótímabundið.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur samþykkir að framlengja forgang barna úr Hvassaleitisskóla (Háaleitisskóla - Hvassaleiti) til skólavistar í Réttarholtsskóla ótímabundið. Þannig verði tryggt að viðkomandi börn eigi áfram val um skólavist á unglingastigi milli Réttarholtsskóla og Álftamýrarskóla (Háaleitisskóla – Álftamýri), líkt og samþykkt var á fundi borgarstjórnar 19. apríl 2011.

Frestað.

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum í skóla- og frístundaráði leggur fram svohljóðandi bókun:

Sameining Hvassaleitisskóla og Álftamýrarskóla var ein þeirra breytinga sem ákveðnar voru í borginni árið 2011 sem mætti hvað mestri andstöðu og voru lögð fram ýmis rök fyrir þeirri afstöðu. Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að börn úr Hvassaleitisskóla hefðu tímabundinn forgang í Réttarholtsskóla auk Háaleitisskóla-Álftamýri að loknum 7. bekk. Reyndin varð sú að s.l. þrjú ár hefur mikill meirihluti nemenda og forráðamenn þeirra valið Réttarholtsskóla. Upplifun nemenda og foreldra í Hvassaleiti er að á þeim tíma hefur ekki verið varið nægum tíma og fjármunum í að sameina skólasamfélögin í sameinuðum Háaleitisskóla með markvissum hætti, með þeim afleiðingum að flestir nemendur samsama sig ekki því skólasamfélagi. Það skýtur því skökku við að nú sé rætt um að afnema forgang nemenda í Réttarholtsskóla gegn eindregnum vilja nemenda og foreldra. Fulltrúi foreldra skorar á skóla- og frístundaráð að framlengja forgang nemenda úr Háaleitisskóla – Hvassaleiti í Réttarholtsskóla ótímabundið til þess að skapa frið um skólagöngu barna í þessu hverfi.

- Kl. 14:10 vikur Auður Árný Stefánsdóttir af fundi.
- 8. Lögð fram fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2015. Kristján Gunnarsson kynnr. SFS2014040027
- 9. Lagðar fram bókanir sem settar voru í trúnaðarbók skóla- og frístundaráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi trúnaðarbókun á fundi skóla- og frístundaráðs 9. apríl 2014 þegar fjallað var um drög að áherslum og forgangsröðun í skóla- og frístundamálum 2015-2019:

Áherslur og forgangsröðun skóla- og frístundasviðs endurspeglar vel hvernig áherslur núverandi meirihluta er alveg lausar við að horfa á námsárangur í skólum. Í yfirliti áherslna eru tíunduð endalaus verkefni, innleiðing án mælanlegra markmiða og hvatning um umbætur sem næstum ógerningur er að fylgja eftir hvort verði að veruleika eða ekki. Engin áhersla er á að setja kraft í að bæta námsárangur, nýta mælingar betur né áherslur um hvernig leikskólar ættu í frekari mæli að sinna námi. Ekkert um áherslur á iðn- og starfsnám né brottfallsvandann sem hefst sannarlega í grunnskólum. Leikskólinn er svo til horfinn sem sérstakt og einstakt skólastig eftir þessa sameiningu sviða. Ekki er einu orði minnst á dagforeldra. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu þessarar áætlunargerðar.

Áheyrnarfulltrúi skólastjórnenda í grunnskólum lagði fram svohljóðandi trúnaðarbókun á fundi skóla- og frístundaráðs 1. október 2014 þegar fjallað var um drög að fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2015:

Fulltrúi Félags skólastjórnenda í Reykjavík fagnar aukinni fjárveitingu til stuðnings við börn með fjölþættar raskanir svo skólarnir geti betur sinnt skyldu sinni gagnvart þessum nemendahópi. Einnig er það þakklátt að aukið fjármagn sé sett í aukna áherslu í að efla lestrarfærni nemenda.

Fulltrúi skólastjórnenda tekur undir það sem fram kemur í starfs- og fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs að *mikilvægt sé að leggja áherslu á framsækna stjórnun þar sem stefna, hlutverk og markmið SFS eru skýr um leið og stjórnunin einkennist af ásetningu til umbóta. Ásamt því að auka sveigjanleika og sjálfstæði kennara og skólastjórnenda til að þróa, bæta og auka fjölbreytni í skóla- og frístundastarfi, í samráði og samstarfi.* Fulltrúa skólastjórnenda þykir miður að fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 gefi ekki svigrúm til viðbótar stjórnunar eða sveigjanleika í skipulagi í grunnskólum Reykjavíkur og minnir á að frá árunum 2009-2010 hefur viðbótar

stjórnunarkvótinn verið dregin saman um 50%. Nauðsynlegt er að skapa betri skilyrði í grunnskólunum til faglegrar þróunar og gera stjórnendum kleift að vera þeir faglegu leiðtogar sem þeir eiga að vera svo grunnskólar Reykjavíkur geti verið í fararbroddi í faglegrri þróun.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva lagði fram svohljóðandi trúnaðarbókun á fundi skóla- og frístundaráðs 1. október 2014 þegar fjallað var um drög að fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2015:

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva óskar eftir því að við gerð fjárhagsáætlunar skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2015 verði gert ráð fyrir fjármagni vegna námsleyfa fyrir starfsmenn sem vinna í frístundastarfi á vegum SFS. Fjármagn til námsleyfa var á sínum tíma inni í fjárhagsramma frístundastarfs en var tekið út í hagræðingarskyni á árinu 2009. Mikilvægt er að jafnræði ríki milli starfsstétta innan skóla- og frístundasviðs hvað þetta varðar. Samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborgar 12. kafla grein 3 er fjallað um launuð námsleyfi starfsmanna og réttindi þeirra til að sækjast eftir launuðu námsleyfi. Mikilvægt er að virða ofangreint ákvæði og að áætlað verði fjármagn í fjárhagsáætlun sviðsins fyrir árið 2015 hvað varðar rétt þennan.

Jafnframt óskar áheyrnarfulltrúinn eftir því að tekið verði tillit til þeirra áherslna sem framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva lögðu til við gerð fjárhagsáætlunar skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2015. Þar koma fram áhyggjur af litlu þjónustustigi við börn á aldrinum 10 – 12 ára í frístundastarfi og efla þurfi þá þjónustu til muna. Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs vilja að ofangreint verði sett í forgang.

10. Lögð fram hugmynd af vefsvæðinu Betri Reykjavík, dags. 30. september 2014, um endurnýjun leiktækja við Kelduskóla/Vík. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 5. janúar 2015. SFS2014100001

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð vísar til umsagnar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs þar sem fram kemur að leiktæki sem gert var ráð fyrir á hönnunarteikningu séu til staðar á lóðinni.

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að fylgja ábendingunni eftir í þeirri úttekt sem fyrirhugað er að gera á skólalóðum grunnskóla á árinu 2015.

Samþykkt með 5 atkvæðum, skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsóttir sitja hjá.

11. Lögð fram að nýju hugmynd af vefsvæðinu Betri Reykjavík, dags. 30. apríl 2014, um menningar- og félagsmiðstöð á Klambratúni ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 14. ágúst 2014. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs með umsögnum hverfisráðs Hlíða og hverfisráðs Miðborgar vegna tillögu af Betri Reykjavík um menningar- og félagsmiðstöð á Klambratúni. SFS2014060028

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa erindinu í stefnumótunarvinnu um frístundaþjónustu.

Samþykkt.

12. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 7. janúar 2014, um úthlutun almennra styrkja og þróunarstyrkja árið 2013. Jafnframt lagt fram yfirlit yfir úthlutun styrkja. SFS2015010060
 - Kl. 14:30 vikur Örn Halldórsson af fundi.
13. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. janúar 2015, um framlengingu vinnu vegna verklags milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs vegna vanskila foreldra er varðar þjónustu við börn ásamt fylgiskjöllum. SFS2014040057
14. Lögð fram samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkur, samþykkt í borgarstjórn 20. september 2011 með breytingum samþykktum í borgarstjórn 2. desember 2014. SFS2013020118
15. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingamál nr. A 563/2014, kveðinn upp 17. desember 2014. SFS2012110135
16. Lögð fram dagskrá ráðstefnunnar „Hey, ég fékk góða hugmynd!“. Þátttaka og áhrif barna í leikskólastarfi sem fram fer 4. febrúar 2015. SFS2014100107
17. Lagt fram svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Vinstri grænna, frá 4. desember 2013, varðandi kirkjuferðir barna í leik- og grunnskólum. SFS2013120037
18. Lagt fram svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, frá 5. mars 2014, varðandi unglingadeild við Foldaskóla. SFS2014030056
19. Lagt fram svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, frá 9. apríl 2014, varðandi ofbeldi í skólum. SFS2014040126
20. Lagt fram svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, frá 14. maí 2014, varðandi barngildi í leikskólum og undirbúningstíma. SFS2015010066
21. Lagt fram svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, frá 3. september 2014, varðandi skólabúninga í leikskólum og grunnskólum Reykjavíkur. SFS2014090075
22. Lagt fram svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, frá 3. september 2014, varðandi leiðbeiningar til starfsfólks um sparnað við prentun og ljósrítun gagna. SFS2014090076
23. Lagt fram svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, frá 17. september 2014, varðandi námsmarkmið sem lögð eru til grundvallar við gerð samræmdra prófa í grunnskóla. SFS2014090185
24. Lagt fram svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, frá 1. október 2014, um hvort niðurstöður samræmdra prófa í 10. bekk séu notaðar sem hluti af skólaeinkunn. SFS2014100251
25. Lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 13. janúar 2015, um embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa skóla- og frístundaráði, fjögur mál. SFS2015010035
26. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur samþykkir að komið verði á fót sérúrræði til að mæta þörfum grunnskólanemenda, sem eiga við áfengis- og vímuefnavanda að stríða, og þeirra sem mælast jákvæðir á fíkniefnaprófi. Nemendum í slíkum vanda verði boðin dagleg kennsla, þátttaka í uppbyggilegu tólmundastarfi auk ráðgjafar/hjálpar til

að takast á við vímuefna- og hegðunarvanda. Í byrjun verði aðaláherslan, auk kennslu, lögð á að nemandinn mæti og fái fræðslu, ráðgjöf og umfjöllun um sinn vanda. Verkefnið verði mótað í samstarfi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, Brúarskóla, frístundamiðstöðva og þjónustumiðstöðva. Þá verði jafnframt óskað eftir samstarfi við SÁÁ um verkefnið. Skipað verði sérstakt stjórnunarteymi með fulltrúum framangreindra aðila sem móti verkefnið, haldi utan um framkvæmd þess og hafi eftirlit með því. Þriggja manna innritunarteymi semji vinnureglur um fyrirkomulag kennslu, tómsunda og meðferðar á vegum verkefnisins og setji því árangurstengd markmið. Nemendateymi verði ávallt stofnað við innritun með þátttöku foreldra viðkomandi nemenda, skólastjóra og/eða fulltrúa heimaskóla, fulltrúa úrræðis og annarra aðila sem koma mögulega að máli nemandans. Teymið metur stöðu nemandans og framfarir og heldur stöðufund innan fjórtán daga frá innritun. Að höfðu samráði við teymið tekur skólastjóri ákvörðun um framhald úrræðisins eða ótímabundna brottvísun ef um hana er að ræða. Foreldrar þurfa að óska skriflega eftir úrræðinu fyrir barn sitt á þar til gerðu eyðublaði. Gert er ráð fyrir að úrræðið geti varað í allt að átta vikur fyrir hvern nemanda. Verði ekki um bata að ræða, taki við meðferðarúrræði á vegum Barnaverndar Reykjavíkur.

Frestað.

27. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir því að skóla- og frístundaráð Reykjavíkur verði upplýst um alvarlegan og stigmagnandi vanda, sem við er að etja í ákveðnum skólum borgarinnar vegna ógnana, hótana og ofbeldis, sem nemendur þar verða fyrir af hálfu einstaklinga og jafnvel heilla hópa, sem eiga við vímuefnavanda að stríða. Um leið og við lýsum yfir furðu okkar á að þetta málefni hafi ekki verið á dagskrá yfirstandandi fundar ráðsins, óskum við eftir því að ýtarlega verði farið yfir málið á næsta fundi þar sem m.a. verði lagðar fram upplýsingar um umfang vandans og með hvaða hætti sé unnið að lausn hans.

Fundi slitið kl. 15.15

Skúli Helgason

Eva Einarsdóttir
Kjartan Magnússon
Marta Guðjónsdóttir

Jóna Björg Sætran
Líf Magneudóttir
Sabine Leskopf